

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut, tenging Valla og Áslands og breyting á deiliskipulagi Áslands 3 og deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla við Hlíðarþúfur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. ágúst 2018 nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut sem tengir saman Vallahverfið og Ásland 3. Samhliða var samþykkt að breyta mörkum deiliskipulagsáætlana við Ásland 3 og Hlíðarþúfur í tengslum við hið nýja deiliskipulag Ásvallabrautar.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. nóvember 2018.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2018